

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 160/2010 um mannvirki, með síðari breytingum.

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

1. gr.

Í stað orðanna „aðal- og séruppdrátt“ í 2. málsl. 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: aðaluppdrátt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „á mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða að slíkar framkvæmdir séu einungis tilkynningaskyldar.
- b. Í stað orðanna „Undanþegin byggingarleyfi eru fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum eru undanþegin byggingarleyfi.

3. gr.

Á eftir orðunum „gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: og tilkynningu vegna minniháttar mannvirkjagerðar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „aðal- og séruppdráttir“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: aðaluppdráttir.
- b. Í stað orðanna „iðnmeistara“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara og rafvirkjameistara
- c. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
Séruppdráttir og tilheyrandi greinargerðir skulu hafa verið yfirfarnar og leyfisveitandi áritað uppdráttina til staðfestingar á samþykki áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.
Undirritaðar yfirlýsingar um ábyrgð annarra iðnmeistara en þeirra sem tilgreindir eru í 4. tölul. 1. mgr. og nauðsynlegt er að komi að verkinu, sbr. 32. gr., skulu afhentar leyfisveitanda áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst. Ekki þarf þó að tilkynna um blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar íbúðarhúss, frístundahúss, bílskúrs eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja, til eigin nota eiganda.

- d. Orðin „þegar sérstaklega stendur á“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „Hann hefur eftirlit með að úttektir sem skoðunarstofur“ í 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: og byggingarstjórar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er leyfisveitanda að beita úrtaksskoðunum í stað alskoðana samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
- b. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með störfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og gæðastjórnunarkerfum þeirra, m.a. með því að fylgjast með frammistöðu þeirra í skoðunarskýrslum byggingareftirlits sem skráðar eru í gagnasafn stofnunarinnar. Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð og virkni þessara gæðastjórnunarkerfa. Einnig skal Mannvirkjastofnun gera sérstaka úttekt á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara ef ítrekað eru gerðar athugasemdir við störf þeirra í skoðunarskýrslum byggingareftirlits. Mannvirkjastofnun er heimilt að fela faggiltri skoðunarstofu að annast úttekt af þessu tagi. Komi í ljós við eftirlit Mannvirkjastofnunar að gæðastjórnunarkerfi uppfyllir ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 57. gr.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Tilhögun ytra eftirlits með mannvirkjum.

7. gr.

Í stað orðsins „úttektir“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: öryggis- og lokaúttektir.

8. gr.

1. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórn og Mannvirkjastofnun er heimilt að ákveða að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttekta. Slík skoðunarstofa skal hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar, sbr. 3. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „þriggja ára“ í b-lið 1. mgr. kemur: eins árs.
- b. Í stað orðsins „sjö“ í c-lið 1. mgr. kemur: fimm.

10. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. gr. og orðast svo:

Hönnuðir skulu fara yfir eigin verk að þeim loknum og ganga úr skugga um að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt áður en hönnunargögn eru afhent byggingaryfirvöldum til yfirferðar. Skrá skal niðurstöður innra eftirlits í gæðastjórnunarkerfi hönnuðar og skal gátlisti eða önnur staðfesting á eigin yfirferð fylgja hönnunargögnunum samkvæmt því sem nánar greinir í reglugerð.

11. gr.

6. mgr. 29. gr. laganna verður svohljóðandi:

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta með skráningu í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Byggingarstjóri annast sjálfur framkvæmd áfangaúttekta nema eftirlitsaðili tilkynni um úrtaksskoðun og skal byggingarstjóri þá vera viðstaddur úttektina, sbr. einnig 34. gr. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um allar úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Byggingarstjóri skal í sínu gæðastjórnunarkerfi halda skrá yfir alla þá iðnmeistara sem koma að þeim verkum sem hann stýrir og varðveita afrit af undirrituðum ábyrgðaryfirlýsingum þeirra. Skrá skal eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar og eðli hennar þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki, og leggja fram undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra, sbr. 4. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 13. gr.

- b. Á eftir orðunum „til þess löggildingu Mannvirkjastofnunar“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: eða hafa lokið meistaraskóla og fengið útgefið meistarabréf eftir 31. desember 2017.
- c. Í stað orðanna „slíka löggildingu“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: löggildingu Mannvirkjastofnunar.
- d. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málslíður er orðast svo: Iðnmeistarar sem taldir eru upp í 3. málsl. 1. mgr., hafa lokið meistaraskóla og fengið útgefið meistarabréf eftir 31. desember 2017 þurfa ekki að afla sér löggildingar skv. 3. mgr., en geta óskað eftir að verða skráðir í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.
- e. Á eftir orðunum „staðfestingu á hæfni iðnmeistara,“ í 6. mgr. kemur: afrit af ábyrgðaryfirlýsingum,.

13. gr.

Í stað orðanna „tilkynna það útgefanda byggingarleyfis“ í 1. málsl. 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: skrá það í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „þar sem eftirlitsaðili eða byggingarstjóri“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: þar sem byggingarstjóri eða eftirlitsaðili.
- b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Byggingarstjóri mannvirkis skal fyrir hönd eiganda þess sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynni eftirlitsaðila með skráningu í gagnasafn Mannvirkjastofnunar um lok úttektarskyldra verkþátta og fyrirhugaðar áfangaúttektir. Byggingarstjóri annast áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista. Útgefandi byggingarleyfis getur, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., þó ávallt ákveðið að eftirlitsaðili, byggingarfulltrú, Mannvirkjastofnun eða eftir atvikum skoðunarstofa, annist áfangaúttektir skv. 2. mgr. Ákvörðun getur bæði náð til allra áfangaúttekta vegna tiltekins mannvirkis eða einungis þeirra áfangaúttekta sem lenda í úrtaki í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar. Áfangaúttekt eftirlitsaðila skal framkvæmd í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista og er heimilt að úttekt takmarkist hverju sinni við nánar tilgreint úrtak innan þess verkþáttar sem tekinn er út.

Byggingarstjóri skal skrá niðurstöður eigin áfangaúttekta í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Honum er skylt að vera viðstaddur allar áfangaúttektir. Ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda, getur byggingarstjóri veitt aðila með starfsleyfi byggingarstjóra skýrt og afmarkað umboð til að mæta í eða annast tilteknar áfangaúttektir. Iðnmeistari eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað skal vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

- c. 5. mgr. fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „vegna umsóknar um byggingarleyfi“ í 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. kemur: eða tilkynningar, skv. 1. mgr. 9. gr.
- b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt um eftirlit Mannvirkjastofnunar með starfsemi skoðunarstofa.
- c. 2. og 3. málsl. 11. tölul. 1. mgr. falla brott.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr tölulíður, 12. tölul., svohljóðandi:

12. Nánari ákvæði um skoðunarhandbækur og skoðunarlista um yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttekta. Heimilt er í skoðunarhandbók og skoðunarlista að kveða á um úrtaksskoðanir í stað alskoðana og mismunandi tilhögun eftirlits og viðbragðs eftirlitsaðila eftir gerð mannvirkis, áhættu og undangenginni frammistöðu viðkomandi hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara. Í skoðunarhandbók skal koma fram yfirlit yfir þá þætti sem eru til skoðunar, ákvæði um verklag við framkvæmd skoðunar, skoðunaraðferðir, gerð skoðunarskýrslu, flokkun athugasemda og áhrif athugasemda á afgreiðslu eftirlitsaðila og framsetningu niðurstöðu. Skoðunarhandbók skal vera

hluti af gagnasafni Mannvirkjastofnunar og skal birt sem fylgiskjal við reglugerð. Skoðunarlistar ásamt stoðritum og leiðbeiningum um túlkun og framkvæmd skoðunar skulu birtir á vefsíðu Mannvirkjastofnunar auk þess sem þeir skulu vistaðir í gagnasafni stofnunarinnar. Í skoðunarlistum skulu nánar tilgreindir þeir þættir sem skoða skal, skoðunaraðferð, samanburðarskjöl, lýsing skoðunar, staðlaðar skýringar mats og vægi athugasemda. Skoðun skal takmarkast við þá þætti sem fram koma í skoðunarlista.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögnum:

a. 2. tölul. orðast svo:

Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa eftirfarandi frest til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr:

- a. Vegna yfirferðar séruppráttar: til 1. janúar 2018.
- b. Vegna framkvæmdar öryggis- og lokaúttektar: til 1. janúar 2019.
- c. Vegna yfirferðar aðaluppráttar: til 1. janúar 2020.

Fyrir 1. janúar 2015 skulu Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Hafi gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu skal Mannvirkjastofnun til 1. janúar 2020 gera úttekt á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna þar sem faggilding liggur ekki fyrir. Byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu teljast uppfylla skilyrði a–c-liðar 1. mgr. 21. gr.

- b. Við 4. tölul. bætist nýr málsl er orðast svo: Sama gildir um iðnmeistara sem lokið hafa meistarakóla og fengið útgefið meistarabréf eftir 31. desember 2017.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 11. og 14. gr. taka þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2019.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Tilgangur frumvarpsins er að bregðast við yfirlýsingu ríkisstjórnar um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga, dags. 28. maí 2015. Í yfirlýsingunni kom m.a. fram að markmiðið væri að lækka byggingarkostnað og einfalda stjórnsýslu við mannvirkjagerð.

Skipaður var starfshópur sem hafði það hlutverk að gera tillögur að úrbótum á regluverki laganna. Starfshópurinn skipaður; Hafsteinn Pálsson, verkfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, William Freyr Huntingdon-Williams, lögfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Ingibjörg Halldórsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Mannvirkjastofnunar og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í vinnu starfshópsins var tekið mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og af ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Megináhersla var á að skoða einföldun stjórnsýslu vegna útgáfu byggingarleyfis og samþykktar byggingaráforma, einföldun eftirlits með iðnmeisturum og aukinn sveigjanleika, einföldun eftirlits á framkvæmdatíma, innleiða í auknum mæli innra eftirlit í stað ytra eftirlits, skoða fyrirkomulag eftirlits með gæðakerfum, einföldun stjórnsýslu vegna hönnunargagna, skil eftir framvindu og einföldun yfirferðar, einföldun á reglum um byggingarstjóra, tilnefningu umboðsmanns hans, skoða möguleika á einföldun stjórnsýslu vegna „smærri verka“ og almenn greining á framkvæmd regluverksins.

Þann 1. janúar 2015 tók gildi sú krafa laga um mannvirki nr. 160/2010 að allir hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar sem koma að byggingarleyfisskyldum framkvæmdum skyldu hafa gæðastjórnunarkerfi. Var markmiðið með kröfunni að tryggja öguð vinnubrögð þessara aðila. Innleiðing þessara breytinga hefur gengið vel og hefur meirihluti starfandi hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara tilkynnt Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafni stofnunarinnar og fengið staðfestingu á að kerfi þeirra uppfylli settar kröfur. Innifalin í kröfunni um gæðastjórnunarkerfi er m.a. krafa um innra eftirlit og yfirferð eigin verka. Þá hafa byggingarstjórar í auknum mæli gert samning við byggingarfulltrúa um heimildir til eigin úttekta og er góð reynsla af slíku fyrirkomulagi. Innleiðing skoðunarhandbóka við eftirlit var einnig nýmæli í lögum um mannvirki

sem tók gildi 1. janúar 2015. Er þeim ætlað að stuðla að samræmdum aðferðum við framkvæmd skoðana. Þá hefur verið unnið að gerð gagnasafns Mannvirkjastofnunar sem felur m.a. í sér að tekin verði upp rafræn skráning eftirlits í auknum mæli sem veitir mun betri yfirsýn en áður og möguleika á að fylgjast með frammistöðu einstakra aðila. Með framangreindum breytingum skapast svigrúm til að ganga enn lengra í einföldun og bættum gæðum eftirlits. Með aukinni áherslu á innra eftirlit er unnt að draga úr ytra eftirliti með tilheyrandi sparnaði. Eftirlitið verður áhættumiðaðra og þeir sem standa sig vel eru verðlaunaðir með minni afskiptum hins opinbera og þ.a.l. minni eftirlitskostnaði. Reynslan sýnir að eftirlitsaðferðir sem leggja áherslu á eigið eftirlit og þar sem umfang eftirlits ræðst af frammistöðu leiða til aukinnar ábyrgðarkenndar þeirra sem sæta eftirlitinu og minni líkur eru á frávikum. Góð reynsla er af hliðstæðum breytingum á eftirlitsaðferðum á sviði rafmagnseftirlits hér á landi. Þykir því rétt að stíga skref í þessa átt nú og miða tillögur frumvarpsins að því. Þá er einnig lögð áhersla á áframhaldandi þróun leiðbeininga, m.a. um ferli við samþykkt byggingaráforma. Í því sambandi þarf að skýra þann greinarmun sem er til staðar á milli fyrirspurnaruppdráttá annars vegar og formlegrar samþykktar á byggingaráformum skv. 11. gr. laganna hins vegar. Starfshópurinn telur að ekki sé þörf á lagabreytingu að svo stöddu þar sem ætla verður að venjubundin framkvæmd hafi nægilega lagastöð varðandi svör við fyrirspurnum, m.a. um það hvort áform séu í samræmi við skipulag.

Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á ákvæðum um ábyrgð og lögbundnar starfsábyrgðatryggingar byggingarstjóra og hönnuða í þessu frumvarpi, en þau ákvæði laganna eru í sérstakri skoðun.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Líkt og áður hefur komið fram var ástæða þessarar endurskoðunar yfirlýsing ríkisstjórnar um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga, dags. 28. maí 2015. Þar kom m.a. fram að markmiðið væri að lækka byggingarkostnað og einfalda stjórnsýslu við mannvirkjagerð. Við endurskoðunina var ákveðið að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og af ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Í umræðu undanfarinna missera um regluverk skipulags- og byggingarmála hefur ítrekað verið kallað eftir meira og betra samræmi við meðferð einstakra mála af hálfu byggingarfulltrúa sveitarfélaga. Frá setningu laga nr. 160/2010 hefur markvisst verið unnið að þessu m.a. með útgáfu leiðbeininga af hálfu Mannvirkjastofnunar. Niðurstaða starfshópsins, af greiningu á framkvæmd regluverksins, sýnir að misræmi er enn til staðar varðandi nokkur atriði í stjórnsýslu byggingarfulltrúa, m.a. varðandi framsetningu gjaldskráa. Tillögum í frumvarpsdrögunum er ætlað að ná betra samræmi hvað þetta varðar sem aftur styður fyrrgreind markmið um einföldun og skilvirkni í regluverkinu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er að finna ýmis nýmæli og breytingar á gildandi mannvirkjalögum og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu.

Lagt er til að treysta lagastöð vegna tilkynningarskyldra framkvæmda en ákvæði um tilkynningaskyldu hafa verið tekin upp í byggingarreglugerð innan ramma núgildandi lagaheimildar.

Lagt er til að ekki sé gerð krafa um að allir séruppdráttir liggi fyrir við útgáfu byggingarleyfis. Samþykktir séruppdráttir og tilheyrandi greinargerðir skulu þó liggja fyrir áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.

Lagt er til að ekki sé gerð krafa um að ábyrgðaryfirlýsing stálvirkjameistara, blikksmíðameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara liggi fyrir við útgáfu byggingarleyfis en yfirlýsing þessara aðila, þ.e. ef þeir koma að viðkomandi verki, skal þó afhent áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.

Lagt er til að leyfisveitanda verði heimilt við eftirlitsstörf sín að beita úrtaksskoðunum í stað alskoðana.

Mælt er fyrir um að Mannvirkjastofnun hafi eftirlit með störfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og gæðastjórnunarkerfum þeirra á grundvelli niðurstaðna skoðunarskýrslna eftirlits með mannvirkjagerð.

Skerpt er á ákvæðum um eftirlit Mannvirkjastofnunar með hönnuðum, byggingarstjórum og iðnmeisturum án þess að um efnisbreytingu sé að ræða. Samkvæmt gildandi lögum hafa byggingarfulltrúar eftirlit með mannvirkjagerðinni sjálfri en Mannvirkjastofnun með hönnuðum, byggingarstjórum og iðnmeisturum. Gefur stofnunin út löggildingar og starfsleyfi þessara aðila, gerir úttekt á gæðastjórnunarkerfum þeirra og getur svipt þá löggildingu eða starfsleyfi ef þeir brjóta af sér. Mannvirkjastofnun hefur ekki bein afskipti af hönnuðum, byggingarstjórum og iðnmeisturum í daglegum störfum þeirra heldur fær upplýsingar um þau í gegnum eftirlit byggingarfulltrúanna. Í gildandi byggingarreglugerð er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúar eigi að tilkynna stofnuninni um þá aðila sem brjóta af sér, en reynslan sýnir að það er ekki gert nema í undantekningartilvikum. Með kerfisbundinni framkvæmd og skráningu byggingareftirlits í gagnasafn Mannvirkjastofnunar á grundvelli skoðunarhandbóka fær stofnunin beinar og samræmdar upplýsingar um vinnubrögð einstakra aðila. Í skoðunarhandbókum og gagnasafninu verða athugasemdir flokkaðar eftir alvarleika og getur stofnunin þá gripið til aðgerða gagnvart þeim sem fá ítrekað á sig alvarlegar athugasemdir. Í fyrstu snýr eftirlitið einkum að því að krefjast úrbóta á gæðastjórnunarkerfi hins brotlega enda benda ítrekuð frávík til þess að einhverju sé áfátt í innra eftirliti viðkomandi aðila og yfirferð eigin verka. Ef þær aðgerðir duga ekki til getur stofnunin veitt áminningu eða svipt aðila löggildingu í samræmi við ákvæði 57. gr. eins og verið hefur. Þetta er sama fyrirkomulag og verið hefur við lýði á sviði rafmagnseftirlits og gefist vel.

Aukin áhersla er lögð á innra eftirlit hönnuða og skráningu niðurstaðna innra eftirlits í gæðastjórnunarkerfi. Aukin áhersla á gæðastjórnun og ábyrgð byggingarstjóra, en hann skal í sínu gæðastjórnunarkerfi halda skrá yfir alla þá iðnmeistara sem koma að þeim verkum sem hann stýrir og varðveita afrit af undirrituðum ábyrgðaryfirlýsingum þeirra.

Mælt er fyrir um að almennt annast byggingarstjóri áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista. Í gildandi lögum er slíkt einungis heimilt, en hér er lagt til að frá og með 1. janúar 2019 verði byggingarstjórum skylt að annast áfangaúttektir. Áfram geti útgefandi byggingarleyfis þó framkvæmt áfangaúttektir sem lenda í úrtaki. Áfangaúttektir á vegum byggingarfulltrúa ættu því að verða mun færri en áður, en falla ekki að öllu leyti niður. Kveðið er á um að við áfangaúttektir kanni byggingarstjóri, eða eftirlitsaðili, hvort viðkomandi þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, kröfur laga og reglugerða.

Úrtaksskoðun byggingarfulltrúa, Mannvirkjastofnunar eða eftir atvikum skoðunarstofu skal ávallt framkvæmd í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista.

Ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda, getur byggingarstjóri veitt aðila með starfsleyfi byggingarstjóra skýrt og afmarkað umboð til að mæta í eða annast tiltekna áfangaúttektir.

Mælt er fyrir um að Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa eftirfarandi frest til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr:

- Vegna yfirferðar séruppdráttar: til 1. janúar 2018.
- Vegna framkvæmdar öryggis- og lokaúttektar: til 1. janúar 2019.
- Vegna yfirferðar aðaluppdráttar: til 1. janúar 2020.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt ríka áherslu á að núgildandi tímasetningu um faggildingu embætta byggingarfulltrúa verði breytt og rýmri frestur gefinn fyrir embættin til þess að afla sér faggildingar. Hér er komið til móts við þessa ósk auk þess sem krafa um faggildingu vegna áfangaúttekta er felld niður í ljósi þess að byggingarstjórum er falið það verkefni að meginstefnu til og aðkoma leyfisveitenda er aðeins þegar um úrtaksskoðanir er að ræða til að halda uppi ytra eftirliti með verkum byggingarstjóra.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp þetta þótti ekki kalla á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá né alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst hagsmuni framkvæmdaaðila við mannvirkjagerð og aðila sem starfa að framkvæmd mannvirkjamála.

Starfshópurinn fékk á fund sinn í upphafi árs 2017 ýmsa aðila sem starfa að framkvæmd mannvirkjamála til samráðs og kynningar, en í þeim hópi voru fulltrúar frá Arkitektafélagi Íslands, Byggingafræðingafélagi Íslands, Félagi byggingarfulltrúa, Samtökum iðnarins og Verkfræðingafélagi Íslands.

Starfshópurinn fundaði jafnt og þétt eftir þörfum frá júní 2016 til júlí 2017.

Óskað var eftir athugasemdum við efni frumvarpsins með almennri kynningu og birtingu á heimasíðu ráðuneytisins í lok sumars 2017.

6. Mat á áhrifum.

Ætluð afleiðing af samþykkt frumvarpsins fyrir almannahagsmuni og helstu hagsmunaaðila er sú að lækka byggingarkostnað og einfalda og samræma stjórnsýslu við mannvirkjagerð.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að horfið verði frá þeirri kröfu að allir séruppdrættir þurfi að liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út en sú krafa var nýmæli með í lögum nr. 160/2010. Er lagt til að einungis sé skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis að aðaluppdrættir hafi verið lagðir fram og þeir yfirfarnir. Áfram er þó skilyrði að ljúka þarf allri hönnun áður en framkvæmt er, sem þýðir að ekki má hefja framkvæmdir við verkþátt fyrr en séruppdrættir sem að honum snúa hafa verið lagðir fram hjá leyfisveitanda og þeir áritaðir um samþykki. Þetta er sama fyrirkomulag og var við lýði í gildistíð eldri skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tilgangur breytingarinnar er að veita aukinn sveigjanleika og koma í veg fyrir óþarfa tafir við upphaf framkvæmda og sem getur í einhverjum tilvikum lækkað byggingarkostnað.

Um 2. gr.

Markmið a-liðar er að styðja enn fremur við núgildandi regluverk varðandi tilkynningarskyldar framkvæmdir.

B-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Markmið greinarinnar er að styðja enn fremur við núgildandi regluverk varðandi tilkynningarskyldar framkvæmdir.

Um 4. gr.

Lagaðar eru til nokkrar breytingar á 13. gr. laganna til samræmis við aðrar greinar og eða sem nýmæli.

Í a-lið er lögð til breyting til samræmis við 1. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lögð til breyting sem felur í sér nýmæli varðandi skráningu ábyrgðaryfirlýsingar færri iðnmeistara í upphafi verks. Þar eru tilgreindir þeir iðnmeistarar sem krafist er að leggja fram og undirriti ábyrgðaryfirlýsingu við útgáfu byggingarleyfis, þ.e. húsasmíðameistara, pípulagningameistara, múrarmeistara og rafvirkjameistara.

Tilgangurinn er að takmarka skráningu við þá iðnmeistara sem þörf er á við upphaf mikils meirihluta byggingarskyldra framkvæmda og með það að markmiði að draga úr kostnaði framkvæmdaraðila við upphaf verks. Þá er einnig verið að bregðast við ábendingum þess efnis að iðnmeistarar séu á tímum skráðir ábyrgir fyrir verki til málamynda og komi í reynd ekki að framkvæmdunum, heldur séu nýir iðnmeistarar skráðir seinna á verkið með tilheyrandi kostnaði. Markmiðið er því jafnframt að styðja við skilvirka stjórnsýslu og koma í veg fyrir tvíverknað. Ávallt er þörf á að þeir iðnmeistarar sem taldir eru upp í 32. gr. laganna undirriti og leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu áður en verkþættir er krefjast fagþekkingar þeirra eru framkvæmdir.

Í c-lið er áréttuð sú skylda að séruppdrættir hafi verið lagðir fram og áritaðir af leyfisveitanda áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst. Sama gildir um að ekki má hefja vinnu við verkþátt fyrr en undirrituð ábyrgðaryfirlýsing hlutaðeigandi iðnmeistara hafi verið afhent leyfisveitanda.

Um 5. gr.

Breytingin felur í sér nýmæli í ljósi nýs ábyrgðarhlutverks byggingarstjóra við framkvæmd áfangaúttekta. Með breytingunum mun leyfisveitandi m.a. hafa eftirlit með að úttektir sem byggingarstjórar annast fari fram og beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laganna ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.

Um 6. gr.

Í a-lið greinarinnar kemur fram heimild leyfisveitanda til að beita úrtaksskoðunum í stað alskoðana, m.t.t. til nánari ákvæða í reglugerð. Í þessu felst aukin heimild leyfisveitanda til þess að haga eftirliti eftir þörfum. Með tilfærslu áfangaúttekta til byggingastjóra er talin þörf á því að heimila úrtaksskoðanir af hálfu leyfisveitanda, en í úrtaksskoðun felst skoðun á tilteknum verkþáttum sem eftir sem áður falla undir áfangaúttektir. Athuga ber að heimildin hníkar heimild leyfisveitanda til alskoðunar, sbr. 3. mgr. 14. gr..

Í b-lið er skert á ákvæðum um eftirlitshlutverk Mannvirkjastofnunar gagnvart hönnuðum, byggingarstjórum og iðnmeisturum, en ekki er um raunverulega efnisbreytingu að ræða. Að öðru leyti er vísað til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins.

C-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í greininni felst hugtakabreyting þar sem ákveðnar úttektir eru sérstaklega tilteknar í stað almennrar tilvísunar í úttektir. Ástæða þess er tilfærsla eftirlitshlutverks hvað varðar áfangaúttektir til byggingarstjóra. Ekki er gert ráð fyrir að Mannvirkjastofnun eða byggingarfulltrúar þurfi faggildingu til að annast þær áfangaúttektir sem lenda í úrtaki og þessir opinberu aðilar ætla að annast sjálfir. Áfram þurfa skoðunarstofur ávallt faggildingu til að taka að sér opinber verkefni, þ.m.t. framkvæmd áfangaúttekta, sbr. 19. gr. laganna og 8. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í þessum breytingum felst daarhönnunargagna og framkvæmd öryggis- og lokaúttekta sem og þær áfangaúttektir sem lenda í úrtaki hjá leyfisveitanda.

Um 9. gr.

Með greininni er dregið úr kröfum um lágmarksstarfsreynslu skoðunarmanna II og III að lokinni löggildingu. Með þessu er brugðist við ábendingum þess efnis að kröfur varðandi starfsreynslu séu í reynd fullmiklar og geti eftir atvikum orðið til þess að erfitt reynist að finna viðeigandi skoðunarmann. Rétt þykir að lækka kröfur um lágmarks starfsreynslu meðal annars m.t.t. til þess að umræddir aðilar hafi þá þegar hlotið löggildingu sem innifelur í sér starfsreynslukröfur.

Um 10. gr.

Í greininni er bætt við nýrri málsgrein varðandi framkvæmd innra eftirlits hönnuða og skyldur þeirra varðandi yfirferð eigin verka. Með greininni er mikilvægi innra eftirlits og gæðastjórnunarkerfa hönnuða áréttuð, auk þess sem skýrt er kveðið á um skyldu hönnuða til að ganga úr skugga um að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt áður en hönnunargögn eru afhent byggingaryfirvöldum til yfirferðar. Markmiðið er að ítreka ábyrgðarhlutverk hönnuða og styðja við skilvirka stjórnsýslu við yfirferð hönnunargagna.

Um 11. gr.

Skyldur og hlutverk byggingarstjóra, m.a. gagnvart eftirlitsaðila, eru tiltekinn í greininni. Í þessu felst skylda byggingarstjóra til þess að gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektaskyldra verkþátta með skráningu í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Þá er ábyrgð byggingarstjóra á að annast sjálfur framkvæmd áfangaúttekta nema ef eftirlitsaðili tilkynnir um úrtaksskoðun áréttuð með þeirri viðbót að hann skuli vera viðstaddur slíka úttekt, þó m.t.t. til efnis og inntaks 34. gr. laganna. Þá er tilkynningarskylda hans gagnvart iðnmeisturum einnig tiltekin. Með þessu er hlutverk og ábyrgð

byggingarstjórans skýrð enn frekar og áhersla lögð á fagleg vinnubrögð í ljósi aðkomu og tilgangs hans.

Um 12. gr.

Tilgangur a-liðar greinarinnar er draga úr opinberri stjórnsýslu með því að auka og treysta á hlutverk byggingarstjóra. Efni og inntak þessa liðar tengist beint 6. gr. frumvarpsins.

Í b-lið greinarinnar er ætlunin sú að koma til móts við nýlegar breytingar á fyrirkomulagi iðnmeistaránáms með því að gera ekki kröfu um löggildingu fyrir iðnmeistara sem öðlast sín réttindi eftir að þær breytingar hafa tekið gildi.

C-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Í d-lið eru áréttaðar þær breytingar sem nefndar eru í b-lið með tilvísun til þess að þeir iðnmeisturum sem uppfylla tiltekin skilyrði sé heimilt að óska eftir skráningu í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

E-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd iðnmeistaraskipta og er ætlað að draga úr opinberri stjórnsýslu. Í stað þess að tilkynna leyfisveitanda sérstaklega um iðnmeistaraskipti verður nægilegt að byggingarstjóri skrái slík skipti í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Um 14. gr.

Með orðalagsbreytingu í a-lið greinarinnar er reynt að leggja áherslu á aukið hlutverk byggingastjórans hvað varðar framkvæmd áfangaúttekta.

Í b-lið eru lagðar til tvær nýjar málsgreinar. Hin fyrri skerpir á hlutverki byggingarstjórans sem fulltrúa eiganda og áréttar hlutverk hans að annast áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista.

Um 15. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á inntaki 60. gr. núgildandi laga í fjórum liðum.

Í a-lið greinarinnar er verið að styðja enn fremur við núgildandi regluverk varðandi tilkynningarskyldar framkvæmdir.

Í b-lið er það áréttað að heimilt sé að setja í reglugerð ákvæðu um eftirlit Mannvirkjastofnunar með starfsemi skoðunarstofa.

C-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Í d-lið er mælt fyrir um nýjan tölulið sem fjallar með ítarlegri hætti en áður um ákvæði reglugerðar um skoðunarhandbækur og skoðunarlista um yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga, öryggis- og lokaúttekta.

Um 16. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á Ákvæði til bráðabirgða. Markmið greinarinnar er að áfangaskipta innleiðingu á faggildingu leyfisveitenda og auka verulega við þann frest sem nú þegar gildir um faggildingu leyfisveitenda. Jafnframt er vísað til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Með breytingum í b-lið greinarinnar er lagt til, í ljósi breyttrar aðkomu og áherslna í menntun iðnmeistara og með það að markmiði að draga úr opinberri stjórnsýslu, að þeir iðnmeistarar sem lokið hafa meistaraskóla og fengið útgefið meistarabréf eftir 31. desember 2017 skuli enn fremur teljast uppfylla kröfur um löggildingu Mannvirkjastofnunar skv. a-lið 1. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 28. gr.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvæði 11. gr. og 14. gr. um aukið hlutverk byggingarstjóra taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2019. Þessi breyting kallar á að komin verði reynsla af notkun á rafrænu gagnasafni Mannvirkjastofnunar ásamt nauðsynlegar kynningar og faglegs undirbúnings.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, *dags. mánuður* 2017

DRÖG

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026